


➤ Pessar vangaveltur eru þó óparfar því myndin endar með því líkri sprengju.. 37



Metsöluhöfundur Bandaríski rit höfundurinn Neale Donald Walsch.

Neale Walsch til Íslands

Heldur fyrirlestur í Þjóðleikhúsinu

Bandaríski rithöfundurinn Neale Donald Walsch, höfundur metsölu-bókanna „Samræður við Guð“, heldur fyrirlestur í Þjóðleikhúsinu næstkomandi miðvikudag kl. 9:00.

Hann hefur átt ævintýralega ævi, en vendipunktur í lífi hans var er hann missti heilsuna, fjölskyldu sína og veraldlegar eigur, allt á sama tíma, þá tæplega fimm tugur. Hálsbrotinn bjó Walsch í tjaldi og leitaði matar í ruslagámum.

Eftir þessa reynslu tók Walsch að skrifa niður spurningar sem hann myndi vilja spyrja Guð og fékk skýr svör að honum fannst. Spurningarnar og svörin urðu að bókinni *Samræður við Guð*, sem varð metsölubók víða um heim og kom meðal annars út hér á landi. Fleiri bækur hans um sama efni hafa líka selst metsölu.

Myndlistakonan Helga Birgisdóttir, Gegga, kynntist Neale haustið 2008 á sex daga námskeiði hjá honum sem haldið var í Bretlandi. Hún kynntist svo Neale og eigin konu hans, ljóðskáldinu Em Claire, frekar fyrir ári og í haust varð hann við beiðni hennar um að heimsækja Ísland og halda fyrirlestur í Þjóðleikhúsinu næstkomandi miðvikudag. Nánari upplýsingar má sjá á Facebook viðburðinum „Neale Donald Walsch á Íslandi“.

Herbergi 408 tilnefnt til Prix Europa 2010



Hrafnhildur Hagalín

Netverkið Herbergi 408 eftir Hrafnhildi Hagalín og Steinunni Knútsdóttur er tilnefnt til Evrópuverðlaunanna, Prix Europa, 2010 í flokki nýmiðla. Verkið var frumflutt í netleikhúsinu Herbergi 408. Nálgaust má verkið á www.herbergi408.is. Leikarar eru Árni Pétur Guðjónsson, Harpa Arnardóttir og Aðalbjörg Arnadóttir. Tónlist og hljóðmynd annast Kristín Björk Kristjánsdóttir. Útvarpsleikritið Einfarar eftir Hrafnhildi í leikstjórn hennar var einnig tilnefnt til Prix Europa verðlauna.

Myndlist Sýning á grafík frá Færeyjum

Sýningin Grafík frá Færeyjum verður opnuð á laugardag kl. 16:00 í sal Íslenskrar grafíkur Tryggvagötu 17. Sýningarstjóri sýningarinnar er myndlistarmaðurinn Rikhard Valtingojer. Hann býr og starfar á Stöðvarfirði og rekur Gallerí Snærós og hefur góð tengsl við Færeyjar.

Þessi sýning var fyrst sett upp fyrir austan í Gallerí Snærós 3. október sl. Sýnendur eru Bárður Jákups-son, Jóhan Martin Christiansen, Jóna Rasmusen, Kári Svansson, Oggí Lamhauge, Rannvá Holm Mortensen, Símun Marius Olsen og Tróndur Patursson. Sýningin stendur til 3. október.



GRAFÍK FRÁ FÆREYJUM Í SAL GRAFÍKÉLAGSINS

Veggspjald sýningarinnar.

Ljósmyndun Listamannsspjall um Secondo

Nú stendur yfir á Mokka á Skólavörðustíg sýning ljósmyndarans Karls R. Lillien-dahls, en henni lýkur í næstu viku. Á laugardag kl. 14:00 til 16:00 verður Karl með listamannsspjall um sýninguna og ræðir um myndirnar og tilurð þeirra.

Karl nefnir sýninguna *Secondo*, en á henni gefur að líta mannlífsmyndir frá ítölsku borgunum Lucca, Bologna og Feneýjum. Þetta er sjöunda einkasýning Karls sem hélt sína fyrstu ljósmyndasýningu á Íslandi haustið 2007 og hefur sýnt víða um heim. Sýningin stendur til 23. september og er opin daglega frá klukkan 9 til 18.30.



Karl R. Lillien-dahl

Myndlist Málverkið á tímum straumvatna

Á sunnudag kl. 15:00 verður Sigtryggur Bjarni Baldvinsson með listamannsspjall á sýningunni ÁR: málverkið á tímum straumvatna í Listasafni Árnesinga í Hveragerði, en þar má nú sjá málverk eftir Þorvald Skúlason og Sigtrygg Bjarna Baldvinsson í samhengi í fyrsta sinn. Tvö málverk með titilinn Ölfusá, sitt eftir hvorn höfundinn, eru inngangurinn að sýningunni sem er samvinnuverkefni Listasafns Árnesinga og Listasafns Háskóla Íslands. Auður Ólafsdóttir listfræðingur er sýningarstjóri. Safnið er opið alla daga kl. 12-18, allir velkomnir og aðgangur er ókeypis.



Sigtryggur Bjarni Baldvinsson

Erró og klippimyndirnar

● Listasafn Reykjavíkur opnar yfirlitssýningu á klippimyndum sem Erró hefur gefið safninu

Arni Matthíasson
arnim@mbl.is

Á laugardag verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur sýning á klippimyndum Errós, sem hann hefur gefið safninu frá árinu 1989. Á sýningunni verða um 130 myndir, en alls hefur Erró gefið safninu 472 klippimyndir sem spanna langan feril hans. Á sýningunni eru til sýnis samklipputeikningar og samklippuuppsetningar, en einnig tilklipptar pappírsmyndir frá námsárumum.

Sýningarstjóri er Danielle Kvaran, sem hefur ritað bækur um Erró, sýningarkrár og greinar og sett upp sýningar í Listasafni Reykjavíkur á verkum hans. Í texta um klippimyndasýninguna segir hún m.a. að Erró hafi uppgötvað listformið klippimyndir í Myndlistar- og handiðaskóla Íslands árin 1950–1951. Þar hafi hann notað rifinn eða tilklipptan litaðan pappír til þess að búa til óhlutbundin og hlutbundin verk með fyrirmyndum úr nútímalistasögu og ýmsum alþýðuhefðum.

Fundið prentað efni

„Erró hóf þó ekki meðvitað notkun samklippu fyrir en í lok sjötta áratugarins og þá í forni myndu og prentaðra texta. Árið 1958 gerði hann syrpu samklipputeikninga í Ísrael, Radioactivity, sem vísar í herferð franskra súrrealista gegn kjarnorku. Þessi verk eru samsett af myndbrotum eða setningum sem klipptar eru úr blöðum annars vegar og hins vegar af persónum sem eru teiknaðar fríhendis og þrungnar spennu.

Ári síðar, í París, hættir Erró að beita grafík í klippimyndum sínum. Í stað þess notast hann eingöngu við fundið prentað efni (til dæmis vinsæl tímarit og rit um tæknileg efni). Á árunum 1959–1960 gerir hann myndasýrpu Meca-Make-up sem er samsett úr myndum af vélum, hlutum úr verksmiðjum og fyrrisætuandlitum. Hann nær hámarki hinnar frumlegu sköpunar sinnar með því að útfæra hluta þessara fyrstu mynda í málverkum en þar með öðlaðist klippimyndin tvöfalt hlutverk: mynd heilsteypts verks með eigin ásjónu og hlutverk skissu að nýjum stíl. Það er þó ekki fyrir en árið 1964, þegar listamaðurinn kynnist bandarísku neyslu- og fjölmiðlasamfélagi í New York, að þessi tvíþætta aðferð verður kerfisbundin og klippimyndin verður „einstakur lykll að sköpunarvirkni og gerð allra verka hans“ (Alain Joffroy, 1981).“

Opnun og samkeppni

Klippimyndir Erró voru yfirlétt skapadár í



Klippimyndir Ein af klippimyndum Errós sem sýnd verður í Listasafni Reykjavíkur.

þematengdum syrpu og gefur það því færi á að hafa þemaskiptingu á sýningunni þó tímaröð sé fylgt. Í lokahluta sýningarinnar er síðan veitt inn-sýn í sköpunarferli listamannsins þar sem ákveðin málverk eru tengd við klippimyndirnar sem lagðar eru til grundvallar að þeim.

Þess má geta að skammt er síðan haldin var sérstök yfirlitssýning á klippimyndum Errós í Galerie d'art graphique-salnum í Pompidou-listasafninu í París. Á þeirri sýningu voru klippimyndir sem Erró gaf Pompidou-safninu.

Erró kemur til landsins í tilefni af opnun sýningarinnar og verður viðstaddur þegar borgarstjórnir í Reykjavík, Jón Gnarr, opnar sýninguna.

Við sama tilefni mun Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, kynna klippimyndasamkeppni, sem Erró býður nemendum og almenn- ingi að taka þátt í og nánar er greint frá hér til hliðar. Vegleg verðlaun verða veitt fyrir bestu myndina sem Erró mun kynna við opnunina.

SAMKEPPNI UM KLIPPIMYNDIR

Aukinn skilningur, þekking og áhugi

Að frumkvæði Errós efnir Listasafn Reykjavíkur til samkeppni um gerð klippimynda í tengslum við sýninguna *Erró – Klippimyndir (1950-2010)*. Markmið samkeppninnar er að auka skilning, þekkingu og áhuga almennings og nemenda á samklippi (collage) sem listformi.

Samkeppnin felst í því að búa til klippimynd úr fundnu prentuðu efni s.s. dagblöðum, tímaritum, bókum eða öðru útgefnu og tvívíðu efni.

Þátttakendum er skipt upp í tvo flokka: nemendur í 7. og 8. bekk grunnskóla um land allt og íslenskan almenn- ing 14 ára og eldri. Skila verður myndum fyrir kl. 17.00 mánudaginn 1. nóvember nk.